

FIRMNATILKYNNINGAR.

Samkvæmt lögum nr. 42., 13. nóvbr. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar árið 1929.

I. Reykjavík.

1. Hlutafélagið Det kongelige octroierede almindelige Brandassurance Compagni tilkynnir hér með að umboð það á Eskifirði, sem firmað Carl D. Tulinius Eft.flgr. hingað til hefir stjórnað, verður lagt niður frá 30. sept. 1928 að telja, og að svæði þau er heyrðu undir umboðið verða frá þeim tíma lögð undir umboðið í Reykjavík, sem herra kaupm. C. Behrens stjórnar.

Til umboðs þess, sem herra kaupm. C. Behrens stjórnar telst þá: Kaupstaðirnir Reykjavík, Hafnarfjörður og Akureyri, svo og eftirtaldar sýslur: Borgarfjarðar-, Mýra-, Gullbringu-, Kjósar-, Árnes-, Rangárvalla-, Vestmannaeyja-, Skaftafells-, Suður- og Norðurmúla-, Þingeyjar-, Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýsla. Að öðru leyti vísast til umboðsbréfs þess, sem gefið var út til handa hr. kaupm. C. Behrens 6. janúar 1926, sem enn er í gildi.

Kaupmannahöfn, 17. sept. 1928.

Stjórnin í Det kongelige octroierede almindelige
Brandassurance-Compagni.
J. Vissing. G. Thorsen.

2. Við undirritaðir, Ó. H. Ólafsson, Laufásvegi 25 og Guido Bernhöft, Vonarstræti 4, Reykjavík, rekum heildsölu og umboðssöluverzlun með ótakmarkaðri ábyrgð hér í bænum undir firmanafninu H. Ólafsson & Bernhöft. Við ritum báðir firmað:

Ó. H. Ólafsson ritar þannig:

H. Ólafsson & Bernhöft.

Guido Bernhöft ritar þannig:

H. Ólafsson & Bernhöft.

Reykjavík, 5. janúar 1929.

Ó. H. Ólafsson.

Guido Bernhöft.

3. Eg undirritaður Sigurjón Eiríksson, Hverfisgötu 62, Reykjavík, tilkynni hérmeð til firmaskrárinnar, að eg rek hér í bænum smásölu,

heildsölu og umboðssölu — verzlun með allskonar varning, og með 146
ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu:

„Verzlunarfélag Reykjavíkur“.

Eg einn hefi rétt til að rita firmað.

Firmað rita eg þannig:

Verzlunarfélag Reykjavíkur.

Sigurjón Eiríksson.

Reykjavík, 21. jan. 1929.

Sigurjón Eiríksson.

4. Hérmeð leyfi eg mér að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að hr. John Wetlesen gengur úr firmanu frá deginum í dag að telja, og eg frá þeim degi verð einkaeigandi verzlunarinnar.

Jafnframt hefi eg í dag veitt herra Karl Petersen prókúru-
umboð fyrir firma mitt og ritar prókúruhafi firmað þannig:

ppo. Rich. N. Braun.

Reykjavík 2. janúar 1929.

Rich. N. Braun.

5. Hérmeð afturkallast prókúruumboð það, er eg á sínum tíma veitti herra verzlunarmanni Helga H. Zoëga fyrir Tóbaksverzlunina „London“.

Reykjavík, 12. janúar 1929.

Guðrún H. Zoëga.

6. Eg, Þorleifur Jónsson, fyr póstmeistari í Reykjavík, gef hérmeð konu minni, Ragnheiði Bjarnadóttur, umboð sem prókúruhafa fyrir verzlun mína, Silkibúðin í Reykjavík, og hefir hún öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hún þannig:

p.p. Silkibúðin.

Ragnheiður Bjarnadóttir.

Reykjavík, 14. jan. 1929.

Þorleifur Jónsson.

7. Hérmeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Hjalti S. Espholin, Akureyri, er genginn úr firmanum „Kaffibætisgerð Íslands, Ingólfur G. S. Espholin“, Reykjavík, en í stað hans er genginn í ofanefnt firma Sigurður Jónasson, Sólvöllum 15, Reykjavík, með sömu réttindum og skyldum.

Reykjavík, 16. júlí 1928.

Ingólfur G. S. Espholin.

Sigurður Jónasson. Magnús Bl. Jónsson. Hjalti Espholin.

- 146 8. Hérmeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að meðundirritaðir past. emer. Magnús Bl. Jónsson, Skólavörðustíg 3, Rvík, og Sigurður Jónasson, lögfr., Sólvallargötu 15, Rvík, eru frá og með deginum í dag gengnir úr firmanu „Kaffibætisgerð Íslands, Ingólfur G. S. Espholin“, Rvík, en Ingólfur G. S. Espholin, Austurstræti 5, Rvík, rekur firmað einn áfram á eigin ábyrgð.

Reykjavík, 11. febr. 1929.

Ingólfur G. S. Espholin. Sigurður Jónasson. Magnús Bl. Jónsson.

9. Hérmeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að prókúruumboð það, sem eg á sínum tíma veitti hr. Hannesi Ólafssyni, nú til heimilis Grettisgötu 2, Rvík, afturkallast hérmeð frá deginum í dag.

Reykjavík, 12. febrúar 1929.

Verslunin Örninn.

Dagbjartur Sigurðsson.

10. Eg undirritaður hefi selt hr. Haraldi Björnssyni verzlun mína, Verzlunarfélag Reykjavíkur, og hætti því að starfa undir þessu firmanafni.

Reykjavík, 19. febr. 1929.

Sigurjón Eiríksson.

11. Við undirritaðir trésmiðir, Sigfús Jónsson og Kári Sigurðsson, báðir til heimilis í Garðastræti 4, Rvík, tilkynnum hérmeð til firmaskrárinnar, að við rekum hér í bænum trésmíðavinnustofu með allskonar tré- og áhaldasmiði undir nafninu „Trésmiðjan Fjölnir“, og með ótakmarkaðri ábyrgð. Við einir, hvor um sig, höfum rétt til að rita firmað.

Firmað ritum við þannig:

pr. Trésmiðjan Fjölnir.

Sigfús Jónsson.

eða

pr. Trésmiðjan Fjölnir.

Kári Sigurðsson.

Reykjavík, 20. febr. 1929.

Sigfús Jónsson. Kári Sigurðsson.

12. Við undirritaðir, Þórður Þórðarson, Laugaveg 45, Rvík, og Sigurður Jónsson, Hverfisgötu 56, Rvík, tilkynnum hérmeð, að við í félagi rekum verzlun á Laugaveg 45 hér í bænum með allskonar

vörur, undir firmanafninu Verzlunin „Hamborg“, báðir með ótak- 146
markaðri ábyrgð. Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað.

Þórður Þórðarson ritar firmað þannig:

pr. Verzlunin Hamborg
Þórður Þórðarson.

Sigurður Jónsson ritar firmað þannig:

pr. Verzlunin Hamborg
Sigurður Jónsson.

Reykjavík, 8. marz 1929.

Sigurður Jónsson. Þórður Þórðarson.

Jafnframt tilkynnist það, að eg frá deginum í dag hætti að
verzla undir mínu nafni.

Reykjavík, 8. marz 1929.

Þórður Þórðarson.

13. Hérmeð tilkynnist, að úr firmanu J. Thorsteinsson & Co. eru
gengnir þeir Magnús Benjamínsson, úrsmiður, og Sigurður Jóns-
son, járnsmiður.

Einkaeigandi firmans er því hér eftir frú Hulda Þorsteins-
son og ritar hún ein firmað þannig:

J. Thorsteinsson & Co.
Hulda Þorsteinsson.

Prókúru hefir eins og áður Jónatan Þorsteinsson.

Reykjavík, 4. apríl 1929

Hulda Þorsteinsson. Sigurður Jónsson. Magnús Benjamínsson.

14. Eg undirritaður, Jóhann Karlsson, hefi selt hr. Gunnari Sigurjóns-
syni, Ingólfsstræti 21 B, verzlun mína „Gunnarshólmi“, á Hverf-
isgötu 64, ásamt firmanafni, og ritar hann firmað þannig:

Verzlunin Gunnarshólmi.
Gunnar Sigurjónsson.

Reykjavík, 10. marz 1929.

Jóhann Karlsson. Gunnar Sigurjónsson.

15. Við undirritaðar, ekkjufrú Ása Ólafsson, fædd Jacobsen, og ung-
frú Ásta Málfríður Petra Duus, eigendur firmans H. P. Duus, sem
rekur verzlun í Reykjavík, afturköllum hérmeð prókúruumboð það,
er við gáfum herra Carl Proppé 22. ágúst 1927.

Jafnframt veitum við nefndum Carl Proppé og herra Ingv-

145

ari Ólafssyni, Aðalstræti 2, Reykjavík, sameiginlegt prókúruumboð til þess báðum saman að rita firmað pr. prókúra.

Köbenhavn, 5. marz 1929.

H. P. Duus.

Ása Ólafsson. Ásta Duus.

Ingvar Ólafsson og Carl Proppé rita firmað þannig:

p. p. H. P. Duus.

C. Proppé. I. Ólafsson.

16. Við undirritaðir Sveinn Egilsson og Jón Egilsson, báðir til heimilis á Laugavegi 40 B, Reykjavík, tilkynnum hérmeð til firmaskrárinnar, að við rekum hér í bænum vinnustofu til bifreiðaviðgerða og verzlun með bifreiðar og allskonar efni til þeirra, undir firmanafninu:

Bifreiðasmiðja Sveins Egilssonar.

Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og höfum við einir — hvor um sig — rétt til að rita firmað, og ritum það þannig:

Bifreiðasmiðja Sveins Egilssonar.

Jón Egilsson.

Bifreiðasmiðja Sveins Egilssonar.

Sveinn Egilsson.

Reykjavík, 17. apríl 1929.

Jón Egilsson. Sveinn Egilsson.

17. Eg undirritaður, sem með kaupsamningi, dags. 29. júní 1926, hefi keypt „Verzlunina Liverpool“ hér í bæ, ásamt útibúum á Laugavegi 49 og Baldursgötu 11, tilkynni hérmeð til firmaskrár Reykjavíkur, að eg rek nefnda verzlun áfram með sama firmanafni með ótakmarkaðri ábyrgð.

Jafnframt tilkynnist, að eg, frá og með deginum í dag, veiti hr. Theodór Siemsen umboð sem prókúruhafa fyrir nefnda verzlun með útibúum með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögur nr. 42. 13. nóv. 1903.

Firmað rita eg þannig:

Verzlunin Liverpool.

Magnús Kjaran.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. Verzlunin Liverpool.

Theodór Siemsen.

Reykjavík, 6. febr. 1929.

Magnús Kjaran.

18. Það tilkynnist hérmeð, að bankaprókúra, sem ungfrú Oddfríði Sæmundsdóttur, Vitastíg 11, Rvík, var veitt fyrir smjör- og kaffiverzlunina Irma, Hafnarstræti 22, Rvík, afturkallast hérmeð, og nefnd bankaprókúra veitt frá sama tíma ungfrú Ingibjörgu Jóhannesdóttur, Bræðraborgarstíg 12 c, Rvík. 146

Kaupmannahöfn, 22. apríl 1929.

Carl Schepler.

19. Hérmeð afturkallast prókúruumboð það, er hr. Stefán Árnason hefir haft fyrir firmað Fr. Steinholt & Co., Reykjavík.

Reykjavík, 10. júní 1929.

Fr. Steinholt & Co.

20. Það tilkynnist hérmeð til firmaskrár Reykjavíkur, að eg undirritaður, Gísli Þorbjarnarson, Bergstaðastræti 36, Reykjavík, rek verzlun hér í bæ undir firmanafninu „Verzlunin Nýhöfn“. Verzlunina rek eg með ótakmarkaðri ábyrgð. Prókúruumboð fyrir firmaað hefir Jónas Andrésón, Njálsgötu 64, Rvík.

Firmað rita eg þannig:

Verzlunin Nýhöfn.

Gísli Þorbjarnarson.

Prókúruhafi ritar:

p. p. „Verzlunin Nýhöfn“.

Jónas Andrésón.

Reykjavík, 16. maí 1929.

Gísli Þorbjarnarson.

21. Eg undirritaður, Jóhann Karlsson, Ingólfsstræti 16, Reykjavík, tilkynni hérmeð til firmaskrárinnar, að eg rek verzlun undir firmanafninu „Verzlunin Merkjasteinn“. Firmað rek eg með ótakmarkaðri ábyrgð og rita eg það einn.

Firmað rita eg þannig:

pr. Verzlunin Merkjasteinn.

Jóhann Karlsson.

Reykjavík, 23. maí 1929.

Jóhann Karlsson.

22. Það tilkynnist hérmeð til firmaskrár Reykjavíkur, að frú Guðrún Ólafsdóttir, Skólavörðustíg 19, Reykjavík, rekur verzlun, með

- 146 ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Íshúsið Herðubreið“, með ís, beitu og aðrar frystiafurðir, ásamt útgerð.

Guðrún Ólafsdóttir ritar firmað þannig:

Íshúsið Herðubreið.

Guðrún Ólafsdóttir.

Óskar Halldórsson, útgerðarmaður, Skólavörðustíg 19, Reykjavík, hefir prókúruumboð fyrir firmað, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Íshúsið Herðubreið.

Reykjavík, 15. maí 1929.

Guðrún Ólafsdóttir.

23. Geir H. Zoëga, kaupmaður í Reykjavík, tilkynnir hérmeð, að hann reki verzlun í Austurstræti nr. 4, Reykjavík, með tóbaks- og sælgætisvörur, undir firmanafninu „Verzlunin Havana“, með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmað ritar Geir H. Zoëga þannig:

Verzlunin Havana.

Geir H. Zoëga.

Reykjavík, 16. maí 1929.

Geir H. Zoëga.

24. Eg undirrituð, Guðríður Á. Bramm, veiti hérmeð tengdasyni mínum, Jóni Helgasyni, prókúruumboð fyrir mig og verzlun mína.

Prókúruhafi ritar þannig:

pr. pr. Guðríður Á. Bramm.

Jón Helgason.

pr. pr. Fatabúðin.

Jón Helgason.

Reykjavík, 6. ágúst 1929.

Guðríður Á. Bramm.

25. Eg undirritaður, Dagbjartur Sigurðsson, Miðstræti 5, Rvík, tilkynni hérmeð til firmaskrár Reykjavíkur, að eg rek hér í bænnum smásöluverzlun með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu: Verzlunin Höfn.

Eg einn hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Höfn.

Dagbjartur Sigurðsson.

Reykjavík, 20. ágúst 1929.

Dagbjartur Sigurðsson.

26. Hérmeð tilkynnist, að firmað Bræðurnir Espholin, Akureyri, hættir að reka útibú í Reykjavík. **146**

Akureyri. 22. ágúst 1929.

Hjalti Espholin.

Reykjavík, 28. ágúst 1929.

Ingólfur G. S. Espholin.

27. Við undirritaðir, Nathan & Olsen, gefum hérmeð hr. Einari Samúelssyni, Strandgade 23, Köbenhavn, umboð sem prókúruhafa fyrir firma okkar, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Nathan & Olsen.

E. Samúelsson.

Reykjavík, 9. september 1929.

Nathan & Olsen.

28. Hérmeð leyfi eg mér að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að eg hefi selt Tóbaksverzlunina „London“, firmanu Ó. Johnson & Kaaber í Reykjavík, frá 1. janúar að telja.

Reykjavík, 31. janúar 1929.

Guðrún H. Zoëga.

Það staðfestist hérmeð, að við undirritaðir höfum keypt Tóbaksverzlunina „London“ í Reykjavík frá 1. janúar 1929 að telja.

Ólafur Johnson ritar firmað þannig:

Tóbaksverzlunin „London“.

Ó. Johnson & Kaaber.

Arent Claessen ritar firmað þannig:

Tóbaksverzlunin „London“.

Ó. Johnson & Kaaber.

Reykjavík, 23. sept. 1929.

Ó. Johnson & Kaaber.

29. Það tilkynnist hérmeð, að eg, Eliníus Jónsson, kaupfélagsstjóri í Ólafsvík, rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík með vefnaðar- og klæðavörur og fleira undir firmanafninu „Verzlunin Skógafoss“, og er eg einn eigandi firmans og ábyrgur fyrir skuldbindingum þess.

Prókúru fyrir firmað hefir ungfrú Kristín Eliníusardóttir, Amtmannsstíg 4 í Reykjavík, og hefir hún öll réttindi prókúruhafa, samkvæmt gildandi lögum.

146

Firmað rita eg sjálfur þannig:
Verzlunin Skógafoss.
Eliníus Jónsson.

Firmað ritar prókúruhafi þannig:
pr. pr. Verzlunin Skógafoss.
Kristín Eliníusardóttir.
Ólafsvík, 27. september 1929.
Eliníus Jónsson.

30. Prókúruumboð það, sem herra bókari Árni Thorsteinsson, Reykjavík, hefir haft fyrir Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f., afturkallast hérmeð.

Reykjavík, 1. nóvember 1929.
F. h. stjórnar Sjóvátryggingarfélags Íslands h.f.
Jes Zimsen. Lárus Fjeldsted.

31. Við undirritaðir, Guðmundur Sæmundsson, Hverfisgötu 32 b, Sigurþór Guðmundsson og Eiríkur Aðalsteinn Guðmundsson, Hverfisgötu 112, verzlunarm., allir til heimilis í Reykjavík, tilkynnum hérmeð, að við rekum verzlun í Reykjavík undir firmanafninu: Barónsbúð. Hver um sig ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar. Firmað rita allir hver í sínu lagi þannig:

pr. Barónsbúð.
Eiríkur A. Guðmundsson.

pr. Barónsbúð.

Sigurþór Guðmundsson.

pr. Barónsbúð.

Guðm. Sæmundsson.

Reykjavík, 10. desember 1929.

Eiríkur Aðalsteinn Guðmundsson.

Sigurþór Guðmundsson. Guðmundur Sæmundsson.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Framkvæmdastjóri Jón Björnsson frá Bæ tilkynnir, að hlutafé firmans H.f. Verzlunafélags Borgarfjarðar hafi á síðasta aðalfundi verið hækkað upp í kr. 60000,00, er sé að fullu greitt.
2. Björn Björnsson, kgl. hirðbakari, Vallarstræti 4, Reykjavík, og Guðjón Jónsson, kaupmaður, Akranesi, reka í sameiningu brauða- og kökugerð ásamt veitingum, á Akranesi, undir nafninu „Félagsbakariíð“.

Fyrirtækið er rekið með ótakmarkaðri ábyrgð beggja eigenda. 146

Samþykki beggja þarf til að skuldbinda fyrirtækið, að öðru leyti en því, að hvor um sig af meðeigendunum getur samþykkt vöruvísla.

Björn Björnsson ritar firmað þannig:

„Félagsbakariíð“ Akranesi.

Björn Björnsson.

Guðjón Jónsson ritar firmað þannig:

„Félagsbakariíð“ Akranesi.

Guðjón Jónsson.

2. Stjórn h/f Mjólkurfélagsins „Mjöll“ tilkynnir, að Sigurður Jóhannsson hafi prókúruumboð fyrir félagið frá 1. júlí 1929.

Ritar hann firmað þannig:

pr. pr. h/f Mjólkurfélagið „Mjöll“.

Sigurður Jóhannsson.

III. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

1. Við undirritaðir, Lárus Rögnvaldsson og Sigurður Sigurgeirsson, bifreiðastjórar í Stykkishólmi, tilkynnur hérmeð til firmaskrár sýslunnar, að við reukum í félagi bifreiðakeyrslu í Stykkishólmi með firmanafninu „Bifreiðastöð Stykkishólms“. Hvor okkar um sig ritar firmað og ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Firmað ritum við þannig:

Bifreiðastöð Stykkishólms.

Lárus Rögnvaldsson.

eða

Bifreiðastöð Stykkishólms.

Sigurður Sigurgeirsson.

Stykkishólmi, 20. febrúar 1929.

Lárus Rögnvaldsson. Sigurður Sigurgeirsson.

IV. Barðastrandarsýsla.

1. Undirritað firma, Ó. Jóhannesson & Co., á Vatneyri, tilkynnum hérmeð til firmaskrár Barðastrandarsýslu, að við höfum tekið

- 146 Friðþjóf Ó. Jóhannesson inn í firmað sem fullábyrgan félagi, með sömu skyldum og réttindum og við höfum, frá 1. janúar 1930.
Vatneyri, 16. nóvember 1929.

Ó. Jóhannesson & Co.

Ó. Jóhannesson. Kr. Ó. Jóhannesson.

Garðar Ó. Jóhannesson. Gunnar Ó. Jóhannesson.

Friðþjófur Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:

Ó. Jóhannesson & Co.

Friðþj. Ó. Jóhannesson.

2. Við undirritaðir, Ó. Jóhannesson á Vatneyri, tilkynnum hérmeð til firmaskrár Barðastrandarsýslu, að við höfum tekið Friðþjóf Ó. Jóhannesson inn í firmað sem fullábyrgan félagi, með sömu skyldum og réttindum og við höfuð öðlast, frá 1. janúar 1930.

Vatneyri, 16. nóvember 1929.

Ó. Jóhannesson. Kr. Ó. Jóhannesson.

Garðar Ó. Jóhannesson. Gunnar Ó. Jóhannesson.

Friðþjófur Ó. Jóhannesson ritar firmað þannig:

Ó. Jóhannesson.

V. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Undirrituð Elísabet Guðmundsdóttir, Hnífsdal, tilkynni hérmeð til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að eg rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Hnífsdal, undir firmanafninu: Verzlun Guðm. Sveinssonar. Prókúru hefir herra Þórhallur Sæmundsson cand. jur. og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlun Guðm. Sveinssonar.

Þórh. Sæmundsson.

Jeg rita firmað þannig:

Verzlun Guðm. Sveinssonar.

Elísabet Guðmundsdóttir.

Hnífsdal, 1. febrúar 1929.

Elísabet Guðmundsdóttir.

2. Hérmeð tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að vér undirritaðir, Ásgeir Jónsson, vélsmiður, Hafnarstræti, Bergsveinn Árnason, járnsmiður, Fjarðarstræti 18, Ingimundur Guðmundsson, vélsmiður, Silfurgötu 11, Sigtryggur Guðmundsson, vélsmiður, Fjarðarstræti 14, og Þórarinn Helgason, Hrannargötu 4, rekum vélsmiðju með ótakmarkaðri ábyrgð, hér í bænum, undir firmanafninu: „Vélsmiðjan Þór“.

Stjórn fyrirtækisins skipa þeir Ingimundur Guðmundsson, Sigtryggur Guðmundsson og Þórarinn Helgason, og þarf undir-

skrift minnst tveggja stjórnenda til að skuldbinda firmað umfram það, sem prókúruhafi hefir rétt til lögum samkvæmt. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er Bergsveinn Árnason og veitist honum hérmeð prókúruumboð fyrir firmað.

Stjórnin ritar firmað þannig:

Vélsmiðjan Þór.

Ingimundur Guðmundsson. Sigtryggur Guðmundsson.

Vélsmiðjan Þór.

Ingimundur Guðmundsson. Þórarinn Helgason.

Vélsmiðjan Þór.

Sigtryggur Guðmundsson. Þórarinn Helgason.

Framkvæmdastjóri ritar firmað þannig sem prókúruhafi:

p. p. Vélsmiðjan Þór.

Bergsveinn Árnason.

Ísafirði, 9. apríl 1929.

Ásgeir Jónsson. Bergsveinn Árnason.

Ingimundur Guðmundsson. Sigtryggur Guðmundsson.

Þórarinn Helgason.

3. Á aðalfundi Togarafélags Ísfirðinga h.f., sem haldinn var á Ísafirði, 17. marz 1929, voru kosnir í stjórn félagsins: Ólafur Pálsson kaupmaður, Jón G. Marísson, bankaritari, Magnús Ólafsson, ishússtjóri; varamaður Karl Olgeirsson, kaupmaður.

Prókúru fyrir félagið hefir Tryggvi Jóakimsson, framkvæmdarstjóri, sem ritar firmað þannig:

p. p. Togarafélag Ísfirðinga h/f.

Tryggvi Jóakimsson.

Í stjórn Togarafélags Ísfirðinga h/f., Ísafirði.

Ólafur Pálsson. Magnús Ólafsson. Karl Olgeirsson.

4. Á aðalfundi Eimskipafélags Vesturlands h.f., 26. marz 1929, varð sú breyting á stjórninni, að Hafsteinn Bergþórsson, var kosinn í staðinn fyrir G. Kristjánsson, sem gekk úr stjórninni.

Undirskriftum félagsins er hagað þannig:

Eimskipafélag Vestfjarða h.f.

G. M. Havstein. Jón S. Edwald.

Eimskipafélag Vestfjarða h.f.

G. M. Havstein. Hafsteinn Bergþórsson.

Eimskipafélag Vestfjarða h.f.

Jón S. Edwald. Hafsteinn Bergþórsson.

Ísafirði, 26. marz 1929.

Eimskipafélag Vestfjarða h.f.

G. M. Havstein.

- 146 5. Við undirritaðir, Guðjón Elías Jónsson, bankabókari, og Páll Guðmundsson, skósmiður, báðir til heimilis á Ísafirði, tilkynnum hér með til firmaskrár Ísafjarðar, að við rekum verzlun á Ísafirði með fullri ábyrgð, undir firmanafninu: Verzlunin Ísafold. — Ritum við firmað hvor um sig, og er undirskriftum hagað þannig:

Guðjón Elías Jónsson ritar þannig:

Verzlunin Ísafold.

Guðjón E. Jónsson.

Páll Guðmundsson ritar þannig:

Verzlunin Ísafold.

Páll Guðmundsson.

Ísafirði, 9. október 1929.

Guðjón E. Jónsson. Páll Guðmundsson.

VI. Húnavatnssýsla.

1. Ól. Ágúst Guðmundsson bifreiðarstjóri, á Hvammstanga, tilkynnir, að hann reki bifreiðastöð á Hvammstanga með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Bifreiðastöð Hvammstanga“. Ritar hann firmað þannig:

Bifreiðastöð Hvammstanga.

Ól. Ágúst Guðmundsson.

VII. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Hreggviður Þorsteinsson, Túngötu 20, Siglufirði, Gustav Blomquist, Lindargötu 22, Siglufirði, Matthías Hallgrímsson, Grundargötu 18, Siglufirði, tilkynna mér með, að þeir reki verzlun á Siglufirði undir firmanafninu „Skipaverzlun Siglufjarðar“.

Hver um sig hefir rétt til þess að rita firmað, en til ráðstafana á fasteignum og til veðsetningar eigna félagsins, þarf undirskrift allra, svo gildandi sé gagnvart félaginu.

Firmað rita félagar þannig, hver um sig:

pr. Skipaverzlun Siglufjarðar.

Hreggviður Þorsteinsson.

pr. Skipaverzlun Siglufjarðar.

Gustav Blomquist.

pr. Skipaverzlun Siglufjarðar.

Matthías Hallgrímsson.

Við ráðstafanir fasteigna og við veðsetningu eigna félags- 146
íns rita félagar þannig:

pr. Skipaverzlun Siglufjarðar.
Hreggviður Þorsteinsson. Gustav Blomquist.
Matthías Hallgrímsson.
Siglufirði, 20. apríl 1929.
Hreggviður Þorsteinsson. Gustav Blomquist.
Matthías Hallgrímsson.

VIII. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Hérmeð tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að helmingur sam-
lagsfélagsins Elektro Co. á Akureyri, sem áður var eign Verzl-
unar Snorra Jónssonar, s. st., sem nú er undir gjaldprotaskift-
um, hefir nú verið keyptur af meðundirritaðri frú Laufeyju Jó-
hannsdóttur, Strandgötu 29, Akureyri, en eignarráð á hinum helm-
ingi téðs félags eru óbreytt.

Firmað ritum við hvort um sig þannig:

Elektro Co.
Laufey Jóhannsdóttir.
Elektro Co.
Indr. Helgason.
Akureyri, 28. marz 1929.
Laufey Jóhannsdóttir. Indr. Helgason.

2. Undirritaðir, Guðjón Bernharðsson og Aðalbjörn Pétursson, gull-
smiðir, á Akureyri, reka verzlun á Akureyri með gull-, silfur-
og plett-vörur, sem og annan búðarvarning þeirra fagi tilheyr-
andi, sem fullábyrgir félagar, undir firmanafninu: „Guðjón &
Aðalbjörn“.

Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað, og rita þeir
það þannig:

pr. Guðjón & Aðalbjörn.
Guðjón Bernharðsson.
pr. Guðjón & Aðalbjörn.
Aðalbjörn Pétursson.
Akureyri, 28. júní 1928.
Aðalbjörn Pétursson. Guðjón Bernharðsson.

3. Eg undirritaður leyfi mér hérmeð að tilkynna til firmaskrár Ak-
ureyrar, að Guðjón Bernharðsson er genginn úr firmanu Guðjón

146

& Aðalbjörn, og heldur firmað áfram undir sama firmanafni, með mér einum sem fullábyrgum eiganda.

Akureyri, 1. marz 1929.

Aðalbjörn Pétursson.

Jafnframt sem hérmeð staðfestist að eg er genginn úr ofangreindu firma, lýsi eg yfir fullu samþykki mínu til þess að firmað sé rekið framvegis undir óbreyttu firmanafni.

Akureyri, 1. marz 1929.

Guðjón Bernharðsson.

IX. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Hérmeð afturkallast prókúrumboð það, er herra Sigurður I. Guðmundsson,, Seyðisfirði, hefir haft fyrir firma okkar.

Reykjavík, 28. september 1929.

Nathan & Olsen.

2. Hérmeð tilkynnist til firmaskrár Seyðisfjarðarkaupstaðar, að Hermann Hermannsson er genginn úr firmanu Herm. Thorsteinsson & Co., Seyðisfirði, frá 26. júlí þ. á., en Einar Sigurðsson heldur atvinnunni áfram undir sama nafni og með fullri ábyrgð, óbreyttri að öllu leyti, frá sama degi.

Seyðisfirði, 3. október 1929.

Einar Sigurðsson. Hermann Hermannsson.

3. Eg, St. Th. Jónsson, kaupmaður á Seyðisfirði, gef hérmeð hr. Sigurði I. Guðmundssyni, verzlunarmanni, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkv. lögum.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. St. Th. Jónsson.

Sigurður I. Guðmundsson.

Seyðisfirði, 5. október. 1929.

St. Th. Jónsson.

4. Í dag hefir firmað Herm. Thorsteinsson & Co., Seyðisfirði, svift herra Hermann Þorsteinsson prókúrumboði hans fyrir téð firma.

Seyðisfirði, 2. nóvember 1929.

Herm. Thorsteinsson & Co.

Ein. Sigurðsson.

X. Suður-Múlasýsla.

146

1. Emil Björn Magnússon og Markús Einar Jensen reka verzlun á Eskifirði, sem full-ábyrgir félagar, með firmanafni: Makki & Milli. Firmað rita þeir báðir þannig:

Pr. „Makki & Milli“.

M. Jensen. Emil B. Magnússon.

2. Hlutfélagið „Bifreiðafélag Eskifjarðar“ hefir heimili og varnarþing á Eskifirði.

Samþykktir félagsins eru dags. 21. nóvember 1928.

Tilgangur þess er að halda uppi bifreiðaakstri fyrir Eskifjarðarkauptún og nágrenni.

Stjórn félagsins skipa: Símon Jónasson, Tómas P. Magnússon, Ólafur H. Sveinsson á Eskifirði. Varastjórnendur: Páll Magnússon og Páll Bóason, s. st.

Undirskrift tveggja stjórnenda þarf til að skuldbinda félagið, rita þeir firmað þannig:

F.h. Bifreiðafélag Eskifjarðar.

Ó. H. Sveinsson. Símon Jónasson.

eða

F.h. Bifreiðafélag Eskifjarðar.

Ó. H. Sveinsson. Tómas P. Magnússon.

eða

F.h. Bifreiðafélag Eskifjarðar.

Símon Jónasson. Tómas P. Magnússon.

Upphæð hlutfjár er 2250 krónur, er því skift í 50, 100 og 300 króna hluti.

Hlutabréfin hljóða á nafn.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum og engin lausnar-skylda hvílir á þeim.

Félagið hefir forkaupsrétt á hlutabréfum. Hlutfjársofnni er lokið og hlutféð greitt.

Hver hluthafi hefir eitt atkvæði fyrir hverja 50 króna hluta-eign í félaginu.

Aðalfund skal boða með viku fyrirvara, með venjulegri auglýsingu á Eskifirði og með ábyrgðarbréfi eða símskeyti til hvers einstaks hluthafa, sem dvelur utan Eskifjarðar.

3. Friðgeir Hallgrímsson, Ingólfur Hallgrímsson og Krístrún Jóhanna Gísladóttir, til heimilis á Eskifirði, tilkynna hérmeð til skrásetningar í firmaskrá Suður-Múlasýslu, að vér í félagi rekum verzlun á Eskifirði með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Friðgeir Hallgrímsson & Sonur“.

146

Rétt til að rita firmað hafa Ingólfur Hallgrímsson og Friðgeir Hallgrímsson.

Friðgeir Hallgrímsson ritar firmað þannig:

pr. Fr. Hallgrímsson & Sonur.

Fr. Hallgrímsson.

Ingólfur Hallgrímsson ritar firmað þannig:

pr. Fr. Hallgrímsson & Sonur.

I. Hallgrímsson.

Eskifirði, 16. febrúar 1929.

Fr. Hallgrímsson. Ingólfur Hallgrímsson. Krístrún J. Gísladóttir.

XI. Vestmannaeyjar.

1. Carl Gräns, Heimagötu 20, og Sig. Sigurðsson, Vestmannabraut 46, tilkynna, að þeir reki verzlun í Vestmannaeyjum undir firmanafninu: Sigurðsson & Gräns. Báðir bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans og ritar hvor um sig firmað.

2. Hérmeð tilkynnist, að Sigurður Ásgeir Gunnarsson er orðinn með-eigandi í Verzl. Gunnar Ólafsson & Co., sem fullábyrgur félagi með rétti til að rita firmað.

Prókúruumboð það, sem hann hefir haft fyrir firmað, fellur niður.

Hinn nýi félagi ritar firmað þannig:

Gunnar Ólafsson & Co.

Sig. Á. Gunnarsson.

Vestmannaeyjum, 2. janúar 1929.

Jóhann Þ. Jósefsson. Gunnar Ólafsson.

3. Eg undirritaður, G. J. Johnsen, kaupmaður, Vestmannaeyjum, gef hérmeð herra Carl Rosenkjær, sama stað, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, sem rekin er undir nafninu Verzlun G. J. Johnsen, og hefir hann öll réttindi samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Verzlun G. J. Johnsen.

Carl Rosenkjær.

Vestmannaeyjum, 9. nóvember 1929.

G. J. Johnsen.

4. Hérmeð tilkynnist til firmaskrár Vestmannaeyja, að prókúruumboð það, sem herra Jes A. Gíslason, hér, hefir haft fyrir verzlun

un mína, sem rekin er undir nafninu Verzlun G. J. Johnsen, aft- 146
urkallast hérmeð.

Vestmannaeyjum, 9. nóvember 1929.

G. J. Johnsen.

XII. *Árnessýsla.*

1. Undirrituð ekkja, Ástríður Eiríksdóttir, Skálavík, sem fengið hefir leyfi til að sitja í óskiftu búi eftir mann minn sáluga, Magnús Gunnarsson, kaupmann, sama staðar, gef hérmeð einkasyni mínum, Jóni Magnússyni, Skálavík á Stokkseyri, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, sem rekin er undir nafninu: Verzlun M. Gunnarssonar á Stokkseyri, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

pr. Verzlun M. Gunnarssonar.

Jón Magnússon.

Stokkseyri, 1. október 1929.

Ástríður Eiríksdóttir.

XIII. *Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1. Sameignarfélagið Akurgerði í Hafnarfirði tilkynnir, að erindreki Gunnar Egilson, sem nú er látinn, hafi í ágústmánuði 1927 gengið úr firmanu, þannig, að núverandi eigendur séu aðeins þeir Þórarinn Egilson, framkvæmdarstjóri í Hafnarfirði, og Ásgrímur Sigfússon, framkvæmdarstjóri í Hafnarfirði.

Rita þeir firmað hvor um sig þannig:

Þórarinn Egilsson ritar:

S/F Akurgerði.

Þórarinn Egilsson.

Ásgrímur Sigfússon ritar:

S/F Akurgerði.

Ásgr. Sigfússon.

Ef um veðsetningu á eignum firmans er að ræða, þarf undirskrift beggja eigendanna.

Hafnarfirði, 2. apríl 1929.

Þórarinn Egilsson. Ásgr. Sigfússon.

2. Hérmeð leyfi eg mér að tilkynna til firmaskrár Hafnarfjarðar, að firmað Bifreiðastöð Steindórs, Hafnarfirði, er frá og með deginum

146

í dag hætt að starfa, og beiðist því strikað út af firmaskrá Hafnarfjarðar.

pt. Hafnarfirði, 10. apríl 1929.

Virðingarfyllst.

Steindór Einarsson.

3. Leyfum oss hérmeð að tilkynna, að úr stjórn h/f. „Sindri“ hefir gengið stórkaupmaður. Fr. Steinholt, Bankastræti 6, en í hans stað verið kosinn verzlunarmaður. Skúli Jónsson, Vesturgötu 5, og ritar hann firmað ásamt tveim meðstjórnendum þannig:

H.F. Sindri.

Jens Eyjólfsson. Skúli Jónsson.

H.F. Sindri.

Skúli Jónsson. Jón Eiríksson.

Virðingarfyllst.

H.F. Sindri.

Jens Eyjólfsson. Jón Eiríksson. Skúli Jónsson.

147

AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1929.

Skrás. 1929, nr. 1.

Tilkynnt 12. desbr. 1928, kl. 3. síðd., af firmanu Hovis, Limited, verksmiðjurekstur og verzlun, London, England, og skrásett 3. janúar 1929.

Orðið:

HOVIS

Merkið er skrásett í London 14. desbr. 1895, 42. flokki, fyrir efni notuð sem matvæli eða í mat, og síðast endurnýjað 14. desbr. 1923. — Tilkynnandi er fyrst 29. marz 1901 skráður sem eigandi merkisins.